

sekt til landssjóðs 10 kr. og til fátækra sjóðs Reykjavíkur 10 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1911:

Réttvísinn

gegn

Halldóri Þorsteinssyni og Antoni
Birni Tómassyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 25. marz þ. á., voru hinir ákærðu, Halldór Þorgrímsson og Anton Björn Tómasson, dæmdir samkvæmt 230. gr. ninnu almennu hegningarlaga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða in solidum allan kostnað málsins, þar með talin varnarlaun til hins skipaða talsmanns þeirra í héraði, Einars bónda Sigfússonar á Stokkahlöðum, 8 krónur.

Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða Halldórs Þorgrímssonar, en fyrir hönd réttvísinnar hefir málinu verið áfrýjað til yfirdómsins að því er báða hina ákærðu snertir.

Í máli þessu er það sannað með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, að þeir aðfaranótt hins 24. október 1910 tóku 2 tilslegnar tunnur, fullar af kjötmeti, á opnu geymslusvæði austan við hús Kolbeins kaupmanns Árnasonar á Oddeyri og veltu þeim heim að húsi hins ákærða Halldórs Þorgrímssonar og létu þær

þar inn í affiljað og lokað geymsluskýli undir útdyra-tröppum hússins. Næsta morgun sló ákærði Halldór Þorgrímsson tunnur þessar upp, og kom þá í ljós, að í þeim voru rullupylsur. Hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þeir þá þegar hafi ásett sér að koma tunnum þessum aftur til skila og ætlað sér að gera það leynilega, svo að ekki yrði uppvíst um tiltæki þeirra, en úr því varð þó eigi nein framkvæmd að öðru leyti en því, að ákærði Halldór Þorgrímsson flutti aðra tunnuna úr húsi sínu og velti henni nokkuð áleiðis, þangað er hún var tekin, og skildi við hana þar. Hina tunnuna faldi hann í móhlaða í hinu nefnda geymsluskýli, og þar fanst hún að kvöldi hins 5. nóvbr. f. á. Hefir ákærði Halldór Þorgrímsson haldið því fram, að hann, sem fyrir hittist í skýlinu nefnt kvöld, hafi þá verið að losa tunnuna úr móhlaðanum, til þess þá um nóttina að velta henni burtu. Hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þeir hafi verið mjög drukkir nótt þá, er þeir frömdu verk þetta og því gjört það undir áhrifum ölvímunnar, en eftir atvikum málsins verður ekki álitid, að þeir hafi verið svo mjög ölvaðir, að úr sakhæfi þeirra geti dregið.

Tunnunum hefir verið skilað aftur og skaðabóta hefir ekki verið krafist.

Framangreint afbrot hinna ákærðu, sem eru komnir langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefir áður verið hegnt fyrir neitt afbrot, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 230. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og er hegningin hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir hvorn þeirra. Og með því yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttarins um málskostnað, ber að staðfesta hann í

öllum greinum. Hinir ákærðu verða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 12 kr. til hvors þeirra.

Rannsókn málsins hefir dregist allengi, en fyrir þeim drætti hefir undirdómarinn fært nægilegar ástæður; að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Hinir ákærðu Halldór Þorgrímsson og Anton Björn Tómasson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds Gislasonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. dag desembermán.

Nr. 9/1911:

Lyder Höydal
gegn

Jóni Björnssyni f. h. Landt & Rickertsen

D ó m u r:

Með skjali, dags. 31. des. 1907 veðsetti áfrýjandi þessa máls Lyder Höydal kaupmaður í Vestmannaeyjum